

Fundargerð

samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

13. maí 2020

Árið 2020, 13. maí kl. 15:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Björn Þór Hermannsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Helga Jónsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hjá sambandi íslenskra sveitarfélaga, auk Tinnu Dahl Christiansen, sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar 12 fundargerðir frá samráðsnefnd um opinber fjármál frá fundum sem haldnir voru á tímabilinu 13. janúar - 28. apríl 2020. Bent var á að undirnefndir ættu að skila fundargerðum eftir hvern fund til Jónsmessunefndar.

2. Þjóðarbúskapurinn og fjármál hins opinbera

Guðmundur Árnason vísaði í yfirferð sína frá síðasta fundi um þróun efnahagsmála og greindi frá því að símat á sér stað á afkomu hins opinbera og er meginniðurstaðan sú að afkomuhorfur eru að breytast eftir því sem ákvarðanir um fleiri úrræði eru teknar og/eða breyttar, sú mynd er alltaf á einhverri hreyfingu. Búið er að endurmeta líkleg gjöld vegna ríkisábyrgðar á lánum til fyrirtækja (70% ríkisábyrgð) kostnaður við það úrræði hefur verið allnokkuð lægri en ráð var gert fyrir en á móti kemur að kostnaður við stuðningslán (85%-100% ríkisábyrgð) er að aukast. Aðgengi að því hefur verið rýmkað verulega í meðferð þingsins og er mikil óvissa um hver kostnaður verður við þau úrræði sem þegar hafa verið boðuð. Endanlegur kostnaður ræðst ekki síst af því hvort gerð verður endurkrafa á veittan stuðning ríkissjóðs vegna greiðslu launa í uppsagnarfresti. Afkoma ríkissjóðs heldur áfram að þyngjast og ákveðin óvissa um hvað þau úrræði munu kosta sem búið er að kynna. Skýrari mynd ætti að fást á komandi dögum. Áætlun um lánsfjáröflun hefur verið uppfærð.

Björn Þór Hermannsson tók við og fór yfir drög að minnisblaði þar sem farið var yfir efnahagsaðgerðir sem ríkissjóður fjármagnar sem snerta sveitarfélög og hafa það markmið að styðja heimili og fyrirtæki og styrkja þannig samfélagið í heild sem og fjárhag sveitarfélaga.

Í lokin var bent á að æskilegt væri að eiga þríhliða samtal við Seðlabankann varðandi hvernig heildarfjárförf hins opinbera er mætt til að ná að samræma innkomu ríkisins og sveitarfélaga á lánamarkaðinn – svo það sé hagfelld fyrir þau og valdi ekki óæskilegum hreyfingum.

3. Endurskoðuð tímaáætlun um framlagningu á fjármálaáætlun 2021-2025

Fulltrúar fjármálaráðuneytis greindu frá því að óvissa væri enn mikil og því ógerningur að leggja fram gögn núna fyrir þingið og því æskilegt að bíða með framlagningu á fjármálaáætlun fram á haust.

4. Fjármál sveitarfélaga – nýjustu upplýsingar og mat

Sigurður Á. Snævarr fór yfir minnisblað um fjárförf A-hluta sveitarfélaga fyrir árin 2020 og 2021. Mat á fjárförfinni er grundvöllur að fyrirhuguðum viðræðum við Seðlabanka Íslands um aðkomu bankans að lánamálum sveitarfélaga og eftir atvikum við aðra lánveitendur, einkum Lánasjóð sveitarfélaga. Aukin fjárförf er metin með samanburði á milli fjárhagsáætlana sveitarfélaga og endurreiknings þeirra á grundvelli nýrra forsendna. Hinar nýju forsendur eru fyrst og fremst stóraukið atvinnuleysi í kjölfar Covid-19 faraldursins sem hefur áhrif á skattstofna hins opinbera, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga o.fl. Til viðbótar felur faraldurinn í sér tekjufall vegna tímabundinnar lokunar stofnana sveitarfélaga. Kom m.a. fram í máli hans að þetta væri ein dýpsta kreppa hér á landi, viðbúið væri að landsframleiðsla muni lækka um 10-12%, tölur um atvinnuleysi þær lang hæstu frá því að samfelldar mælingar hófust, útsvarstekjur muni lækka verulega sem og framlög úr Jöfnunarsjóði ásamt skerðingu á öðrum tekjum sveitarfélaga. Veruleg aukning væri á fjárhagsaðstoð til framfærslu, að meðaltali 25% hækkun á útgjöldum tíu stærstu sveitarfélaganna milli ára. Bráðabirgðaniðurstöður eru á þá leið að viðbótar fjárförf sveitarfélaga verði 30 ma.kr. árið 2020 og 20 ma.kr. árið 2021, eða samanlagt um 50 ma.kr.

5. Starfshópur um fjármál sveitarfélaga

Hermann Sæmundsson greindi frá nýjum starfshóp um fjármál sveitarfélaga. Hlutverk starfshópsins er að safna saman upplýsingum um fjárhagsáætlanir og fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga á yfirstandandi ári, þróun þeirra frá mánuði til mánaðar og horfur fyrir árið í heild. Í þessu felst söfnun samtímaupplýsinga frá sveitarfélögum, skattayfirvöldum, Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnun og fleiri aðilum. Starfshópurinn mun safna upplýsingum um einstaka þætti sem hafa mikil áhrif á afkomu sveitarfélaga, eins og t.d. atvinnuleysi, þróun kostnaðar á sviði velferðarmála, eða annað sem kann að skipta máli fyrir fjármál sveitarfélaga. Upplýsingar verða settar fram í líkani sem nýtist stjórnvöldum til að meta

fjárhagsstöðu sveitarfélaga, sem og stöðu og horfur fyrir búskap sveitarfélaganna á landsvísu, sem jafnframt nýtist við að meta þróun og horfur hins opinbera heildstætt.

6. Minnkandi starfshlutfall – atvinnuleysi

Lögð voru fram uppfærð gögn frá Vinnumálastofnun með upplýsingum um atvinnuleysi. Alls hafa 36.097 nýtt sér heimild um minnkað starfshlutfall, þar af 66% á höfuðborgarsvæðinu og 10% á Suðurnesjum. Atvinnuleysi í maí er áætlað 15,3% á öllu landinu, hæst á Suðurnesjum eða 21,4%, og þar á eftir 15,7% á höfuðborgarsvæðinu og 14,6% á Suðurlandi.

7. Staða á framkvæmd þingsályktunartillögunnar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Greint var frá óbreyttri stöðu frá síðasta fundi, enn væri beðið eftir örlögum frumvarpsins sem er fast í þingflokki eins flokks og því væru aðgerðir enn í bið.

8. Önnur mál

Í lok fundar var sammælt um að koma af stað enn skipulagðari vinnu samráðsnefndar um opinber fjármál, fá samtímaupplýsingar um afkomu sveitarfélaga og mikilvægt væri að fá Hagstofuna með í lið. Taka samtal strax í næstu viku um lánsfjáröflun og að samráð verði náðið.

Næsti fundur nefndarinnar hefur ekki verið boðaður, en ákveðið var að halda fund í lok júní.

Fundi var slitið kl. 16:30.

-TDC-